RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 673 : 2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði

Til	:	Helga Þuríður Magnúsdóttir <helgathuridur@isafjordur.is>;Vverk <vverk@vverk.is>
Frá	:	Vverk <vverk@vverk.is>
CC	:	Kristján Svan Kristjánsson <kristjan@isafjordur.is>;Erla Margrét Gunnarsdóttir <erla@isafjordur.is>;Garðar Sigurgeirsson <gardar@vverk.is>
Heiti	:	RE: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 673 : 2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði
Málsnúmer	:	2023020096
Málsaðili	:	EMEX ehf.
Skráð dags	:	22.06.2026 10:30:46
Höfundur	:	Vverk <vverk@vverk.is>

Viðhengi Netagerðin Aðaluppdráttur.pdfNetagerðin Aðaluppdráttur.pdf
image001.pngimage001.png

Góðan dag,

Vísað er til bókunar skipulags- og mannvirkjanefndar Ísafjarðarbæjar frá 18. júní 2026 í máli nr. 2023020096, þar sem nefndin óskar eftir upplýsingum um fyrirhugaða notkun rýmanna í Grænagarði og áætlaðan starfsmannafjölda.

Rýmin eru í blandaðri notkun, þ.e.:
Neðri hæð:
0101: Vinnustofa tengd vinnustofustarfsemi á efri hæð, að meðaltali ein manneskja ekki í fastri viðveru
0102: Trésmíðaverkstæði með einum starfsmanni, nokkuð föst viðvera
0103: Geymsla einkaaðila, engin föst viðvera, ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi í þessu bili
0104: Geymsla einkaaðila, engin föst viðvera, ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi í þessu bili
0105: Geymsla einkaaðila, engin föst viðvera, ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi í þessu bili
0106: Eingöngu notað sem köld geymsla, engin föst viðvera – aðeins í stuttan tíma í senn
0107: Geymsla einkaaðila, engin föst viðvera, ekki gert ráð fyrir annarri starfsemi í þessu bili

Efri hæð:
0201: Vinnustofur (Netagerðin). Í þessu rými geta verið á bilinu 1-12 aðilar við vinnu. Hins vegar er viðvera þeirra stopul og oftar en ekki fáir að störfum í einu.

Ofantalið er fyrirhuguð notkun á húsinu.
Það er alveg ljóst að með breyttri starfsemi hússins eftir kaup Vestfirskra verktaka á því, er sá starfsmannafjöldi starfandi í húsinu á hverjum tíma mun minni en á þeim tíma sem Hampiðjan var þar með starfsmenn að meðaltali um 20 manns í fastri viðveru.

Á grundvelli framangreinds er þess óskað að skipulags- og mannvirkjanefnd taki erindið til frekari meðferðar og að unnt verði að úthluta fastanúmerum á einstök rými (matshluta) innan eignarinnar.

Meðfylgjandi eru aðaluppdrættir af Grænagarði (L138982) þar sem skiptingin í einstök rými kemur fram.

Gott væri að fá staðfestingu á móttöku póstsins og upplýsingar um hvenær málið verður tekið fyrir.

Endilega hafið samband ef eitthvað er óljóst.

Með kveðju,
Martha Kristín Pálmadóttir
Fjármálastjóri

VESTFIRSKIR VERKTAKAR

Sími: 456 6600
GSM: 770 7368
Netfang: martha@vverk.is

Frá: Helga Þuríður Magnúsdóttir
Sent: Thursday, June 18, 2026 4:29 PM
Til: Vverk
Afrit: Kristján Svan Kristjánsson ; Erla Margrét Gunnarsdóttir
Efni: Skipulags- og mannvirkjanefnd - 673 : 2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði

Sæl
Meðfylgjandi er bókun nefndar frá því í dag, 18. júní:
2023020096 - Grænigarður - Fyrirspurn um breytingar á innra og ytra byrði

Á 672. fundi skipulags- og mannvirkjanefndar þann 13. maí 2026 var var lögð fram fyrirspurn frá Garðari Sigurgeirssyni f.h. Vestfirskra Verktaka vegna breyttrar notkunar á Grænagarði. Þar sem ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið og að húsnæðið er innan snjóflóðalínu óskaði byggingarfulltrúi eftir afstöðu nefndarinnar.
"Skipulags- og mannvirkjanefnd getur ekki tekið afstöðu til erindis fyrr en það liggur fyrir hver notkun á rýmunum verður og áætlaður fjöldi starfsmanna dags daglega með hliðsjón af því að mannvirkið er innan hættusvæðis C, nefndin óskar jafnframt eftir umsögn Veðurstofu Íslands".

Nú er lögð fram umsögn Veðurstofu Íslands, dags. 9. júní 2026.

Lögð fram til kynningar umsögn Veðurstofu.
Nefndin ítrekar fyrri bókun um að ekki verður tekin afstaða til erindis fyrr en það liggur fyrir hver notkun á rýmunum verður og áætlaður fjöldi starfsmanna dags daglega með hliðsjón af því að mannvirkið er innan hættusvæðis C.

Þetta tilkynnist hér með.
f.h. skipulagsfulltrúa

Helga Þ. Magnúsdóttir
verkefnastjóri á tæknisviði
Ísafjarðarbær

450 8027 - www.isafjordur.is

Ísafjarðarbær hefur hlotið jafnlaunavottun.
Fyrirvari um meðferð tölvupósts. Disclaimer.